

# Fyrstu ár merks forystumanns

Bókarhöfundur: **Ólafur Jóhannesson.**

Bókarheiti: **Forystumaður úr Fljótum. Æviminningar Ólafs Jóhannessonar prófessors og forsætisráðherra.**

Gagnrýnandi: **Ólafur Þ Harðarson**, prófessor.

Útgáfa: **Veröld Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2013, 232 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Æviminningar Ólafs eru áhugaverðar fyrir þá sem rannsaka íslensk stjórn má, þó fremur lítt sé þar um stjórn málaferil hans fjallað – þær gefa fyllri mynd af mannum.”

Ólafur Jóhannesson sat samfelt á Alþingi í aldarfjórðung – frá 1959 til dauðadags 1984. Hann var forsætisráðherra 1971-74 og 1978-9, dóms-, kirkju- og viðskiptaráðherra í stjórn Geirs Hallgrímssonar 1974-78 og utanríkisráðherra 1980-83 í stjórn Gunnars Thoroddsen. Hann var formaður Framsóknarflokksins 1968-79. Fyrsta stjórn hans, Vinstri stjórnin 1971, sem hann myndaði með Alþýðubandalagi og Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, markaði tímamót eftir tólf ára samstarf Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks í Viðreisnarstjórninni 1959-71. Útfærsla landhelginnar í 50 mílur [sem gekk eftir] og brottför hersins [sem fór hvergi] voru mjög á oddinum, en mikil uppbygging togaraflota og fiskvinnsluhúsa á landsbyggðinni [með drjúgum stuðningi ríkisins] markaði djúp og umdeild spor í íslensku hagkerfi. Áttundi áratugur 20. aldar hefur stundum verið kallaður Framsóknaráratugurinn – og hann var vissulega áratugur Ólafs Jóhannessonar, sem varð ein fyrirferðarmesta persónan í íslenskum stjórn málum – gælunafnið Óli-Jó festist við hann – hann hafði sérkennilegan talanda og húmor – á tímum meiri formfestu í íslenskum stjórn málum fannst honum sjálfsagt að taka þátt í gamansömu myndbandi sem Ríó tríó gerði við lag sitt um forsætisráðherrann (bls. 216, sjá líka <http://www.musik-mp3-download.com/search.html?q=R%C3%AD%C3%B3+Tr%C3%AD%C3%B3+-+%C3%93li+J%C3%B3&modus=song>).

*Forystumaður úr Fljótum* heita æviminningar Ólafs, sem nú hafa komið út á bók. Hann skrifaði minningarnar síðasta árið sem hann lifði, en hafði ekki lokið þeim þegar hann dó



1984, 71 árs að aldri. Því miður fyrir áhugamenn um stjórn­mál­starf hans á Framsóknaráratugnum að mestu óskrifaðir. Mikill fengur hefði verið að sjónarmiðum Ólafs um þennan tíma, t.d. um átökin innan Framsóknarflokksins, sem enduðu með því að Möðruvallahreyfingin gekk úr flok­knum 1974. Þeirri atburðarás hefur Elías Snæland Jónsson lýst prýðilega í samnefndri bók – en auðvitað frá sjónarhóli andófs­mannanna úr SUF, sem lutu forystu núverandi forseta lýðveldisins. Átök Ólaf­anna tveggja voru mögnuð.

Mestur hluti endurminninga Ólafs Jóhannessonar fjalla um æskuár hans í Fljótum, mannlíf og bæjaskipan þar, menntaskólaárin á Akureyri, laganámið í HÍ og árin sem hann gegndi starfi lagaprófessors við Háskóla Íslands 1947-71 – en þar sinn­ti hann kennslu sem Bjarni Benediktsson [kennari Ólafs] og Gunnar Thoroddsen höfðu haft með höndum á undan honum. Ólafur og Bjarni voru helstu stjórn­lag­fræðingar landsins á sinni tíð. Á þessum árum voru margir prófessorar jafnframt helstu forystumenn landsins í stjórn­málum; gegndu háskólastöðum sínum áfram þó þeir settust á þing; hættu [eða fengu leyfi] þegar þeir urðu borgarstjórar eða ráðherrar! Þessar minningar Ólafs eru áhugaverðar og vel skrifaðar; þær gefa persónulega mynd af miklum stjórn­mál­manni og bakgrunni hans. Kaflinn „Í þjónustu samvinnuhreyfingarinnar“ er áhugaverður í ljósi stjórn­málaafskipta Ólafs. Hann vann sem lögfræðingur fyrir SÍS um árabíl frá 1939 og ferðaðist þá víða um land til að hitta kaupfélagsstjóra og aðra forystumenn samvinnu­hreyfingarinnar. Þar hefur hann byggt upp tengslanet sem gagnaðist síðar.

Ólafur segir fróðlega, skemmtilega og kannski dæmigerða sögu af stjórnarmyndun­inni 1974 – þegar hann myndaði stjórn fyrir Geir Hallgrímsson [eins og oft er sagt]: „Ég gaf sjálfstæðismönnum val um það hvort ráðherrar urðu sjö, þ.e. fjórir sjálfstæðismenn og þrír framsóknarmenn og forsætisráðherra úr þeirra hópi. Sjálfstæðismenn völdu fjóra og fjóra og fengu þá forsætisráðherrann. Höfðu þó þrír forystumenn sjálfstæðismanna látið það uppi, að þeir gerðu ráð fyrir mér sem forsætisráðherra. Einn við mig sjálfan. Tveir við Jóhannes Elíasson, bankastjóra. Eyjólfur K. Jónsson sagði á fundi sjálfstæðis­þing­manna, að Steingrímur Hermannsson hefði sagt sér, að Ólafur myndi ekki sækja það fast að verða forsætisráðherra. Veit ekki hver áhrif það hefur haft. Aðallega munu hafa komið til áhrif frá Jóhanni Hafstein. Kvöldið eftir, að ráðherraefnin höfðu verið kosin, hringdi Steingrímur Hermannsson til mín og var óhress yfir að hafa ekki orðið fjórði ráðherra ...“ (bls. 194).

Skemmtilegt er tilsvor Ólafs um myndun vinstri stjórnarinnar 1971: „Ég efast um að okkur hefði tekist þetta, ef sjónvarpið væri ekki í sumarleyfi“ (bls. 200) – en á þeim árum var ekkert sjónvarp í júlímánuði. Rífja má upp tvær algengar sögur í munnlegri geymd um tilsvör Ólafs, sem ekki eru í bókinni. Sú fyrri snýr að orðum hans þegar hann var spurður um hvort ekki væri rétt að flokkar lýstu yfir hvaða ríkisstjórnarsamstarf þeir vildu sjá eftir kosningar. Svar Ólafs var eitthvað á þessa leið: „Það er nú ekki klókur pókerspilari sem sýnir á spilin áður en spilið byrjar!“. Og þegar hann var spurður um hvernig hann brygðist við þegar hann lenti í pólitískum stór-árás­um [eins og í Geirfinns­málinu á árunum fyrir kosningarnar 1978] var svarið í þessa áttina: „Þá er gott að fara að eins og hrossin í Fljótunum í stórhríðum í mínu ung­dæmi – setja rassinn í veðrið og

bíða það af sér!“ Hvort sem rétt er eftir haft eða ekki, þá lýsa hvoru tveggja ummælin stjórnámamanninum Ólafi vel.

Æviminningar Ólafs eru áhugaverðar fyrir þá sem rannsaka íslensk stjórnám, þó fremur lítt sé þar um stjórnámalaferil hans fjallað – þær gefa fyllri mynd af mannum. Frágangur er til fyrirmyndar og nafnaskrá fylgir. Tengdasonur Ólafs, Einar G. Pétursson, ritar fróðleg aðfararorð og Sigfús Ingi Sigfússon skrifar afar greinargóðan eftirmála um stjórnámalaferil Ólafs, m.a. deilumálin sem hann tók þátt í. En við vitum ekki – því miður – hvað Óli-Jó hefði skrifað um þau sjálfur.